



Staðarreglur fyrir Garðavöll

Gilda frá 1. Júlí 2020

1. Vallarmörk eru hvítir hælur og hvítar línur umhverfis völlinn auk girðingastaura og gaddavírsstrengir/bönd á milli þeirra við vallamörk.
2. Fjarlægðarhælur og möl í kringum þá, girðingarstaurar og gaddavírsstrengir/bönd milli þeirra svo og vökvunarkerfi eru óhreyfanlegar hindranir (regla 16.1).
3. **Færslur á brautum 11, 12, 13 og 15.** Þegar bolti leikmanns liggur innan almenna svæðisins á ofnagreinum brautum þar sem gras er slegið í brautarhæð eða neðar má leikmaður taka vítalausa lausn einu sinni áður en högg er slegið með því að færa boltann innan einnar kylfulengdar þaðan sem boltinn liggur (regla 14.1), þó ekki nær holunni. Þegar lausn er tekin skv. þessari reglu verður leikmaður að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur skv. reglu 14.2b(2) og 14.2e
4. Athafnasvæði á leið á milli 7. og 13. brautar er grund í aðgerð og sama gildir um athafnasvæði aftan við 14. teig og til hliðar við 17. flöt. Lausn fæst skv. reglu 16.1b.
5. **Öll nýhreyfð moldarsvæði sem og ný lagt torf eru grund í aðgerð og er allur leikur bannaður þar.** Láta skal bolta falla innan lausnarsvæðis (regla 16.1b).

Almennt víti fyrir brot á staðarreglu: Höggleikur - Tvö högg. Holukeppni - Holutap.

Leikmenn eru beðnir um að ganga vel um völlinn, nota flatargaffla, laga torfuför og raka glompur.

Símar:

Golfskáli / afgreiðsla
Dómari

431-2711